

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1177/2003

2006/EES/30/50

frá 16. júní 2003

um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (ESB-SILC) (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að framkvæmdastjórnin geti leyst af hendi þau verkefni sem henni eru falin, einkum eftir fundi leiðtoga ráðsins í Lissabon, Nice, Stokkhólmi og Laeken, sem haldnir voru í mars 2000, desember 2000, mars 2001 og desember 2001, þarf hún að fá upplýsingar um tekjudreifingu og umfang og samsetningu fátæktar og félagslegrar útskúfunar í aðildarríkjunum.
- 2) Með hinni nýju opnu samræmingaraðferð í tengslum við félagslega aðlögun, sem og með grunnhagvísunum sem leggja á fram í árlegri samantektarskýrslu, eykst þörfin fyrir samanburðarhæf þversniðs- og langsníðsgögn, sem safnað er á sama tíma, um tekjudreifingu og umfang og samsetningu fátæktar og félagslegrar útskúfunar til að fá áreiðanlegan og viðeigandi samanburð milli aðildarríkjanna.
- 3) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 50/2002/EB frá 7. desember 2001 um að koma á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins um að hvetja til samstarfs milli aðildarríkja til að berjast gegn félagslegri útskúfun ⁽⁴⁾ eru sett, samkvæmt aðgerð 1.2 í 1. flokki um „greiningu á félagslegri útskúfun“, nauðsynleg skilyrði í tengslum við fjármögnun ráðstafana varðandi söfnun og miðlun samanburðarhæfra hagskýrslna og einkum til að bæta kannanir og greiningu á fátækt og félagslegri útskúfun.
- 4) Heppilegasta aðferðin til að meta ástandið að því er varðar tekjur, fátækt og félagslega útskúfun er að safna hagskýrslum Bandalagsins með samræmdum aðferðum og skilgreiningum. Sum aðildarríki geta þurft viðbótarfrest til að laga kerfi sín að þessum samræmdum aðferðum og skilgreiningum.
- 5) Til að endurspegla breytingar á tekjudreifingu og á umfangi og samsetningu fátæktar og félagslegrar útskúfunar þarf að uppfæra hagskýrslurnar árlega.
- 6) Til að rannsaka mikilvæg félagsleg málefni, einkum ný málefni þar sem þörf er á sérstökum rannsóknum, þarf framkvæmdastjórnin að fá einstaklingsbundin þversniðs- og langsníðsgögn um heimili og einstaklinga.
- 7) Söfnun sambærilegra þversniðsgagna, sem fram fer á hverju ári og á sama tíma, um tekjur, fátækt og félagslega útskúfun skal hafa forgang.
- 8) Rétt er að sýna sveigjanleika við val á gagnaheimildum og ekki síst að hvetja til þess að fyrirliggjandi innlendar gagnaheimildir séu notaðar, hvort sem um er að ræða kannanir eða skrár, og taka tillit til innlendra hefða við kannanagerð og skal efla samþættingu nýrra heimilda við þau innlendu hagskýrslukerfi sem fyrir eru.
- 9) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002 frá 17. maí 2002 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins, að því er varðar aðgang að gögnum háðum trúnaðarkvöðum í vísindaskyni ⁽⁵⁾ eru sett skilyrði um gilda um veitingu aðgangs að trúnaðargögnum, sem Bandalagsyfirvald hefur fengið afhent, til að unnt sé að draga saman tölfræðilegar niðurstöður í vísindaskyni.
- 10) Gerð tiltekinna hagskýrslna Bandalagsins ákvarðast af reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ⁽⁶⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2004 frá 19. mars 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 22, 29.4.2004, bls. 20.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 103 E, 30.4.2002, bls. 198, and breytt tillaga frá 15. nóvember 2002.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 149, 21.6.2002, bls. 24.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 14. maí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. mars 2003 (Stjtið. ESB C 107 E, 6.5.2003, bls. 26) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. maí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.

- 11) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, ber að samþykka í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 12) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina (SPC) í samræmi við 3. gr. ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að setja sameiginlegan ramma um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör (hér eftir nefnt ESB-SILC) sem tekur til samanburðarhæfra þversniðs- og langsníðsgagna um tekjur, sem safnað er á sama tíma, um fjölda fátækra og félagslega útskúfaðra og hlutfall þeirra af íbúafjölda, bæði á innlendum og evrópskum vettvangi.

Grundvallarmarkmiðið er að unnt sé að bera saman gögn frá mismunandi aðildarríkjum, sem ætti að vera unnt með því að þróa aðferðafræðirannsóknir um leið og söfnun gagna hefst fyrir hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör, í náinni samvinnu milli aðildarríkjanna og Hagstofu Evrópubandalaganna.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „hagskýrslur Bandalagsins“: eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,
- b) „hagskýrslugerð“: eins og skilgreint er í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 322/97,
- c) „könnunarár“: árið þegar gögnum könnunarinnar, eða meirihluta þeirra, er safnað,
- d) „framkvæmdartímabil“: tímabilið þegar gögnum könnunarinnar er safnað,
- e) „viðmiðunartímabil“: tímabilið sem tiltekna upplýsingar varða,
- f) „einkaheimili“: einstaklingur sem býr einn eða hópur fólks sem býr saman í sama einkahúsnæði og sameinast um útgjöld, þ.m.t. að leggja sameiginlega til grunnframfærslu,
- g) „þversniðsgögn“: gögn sem eiga við tiltekinn tíma eða tiltekið tímabil. Þversniðsgagna má afla annaðhvort með þversniðsúrtakskönnun, einnig með skiptiúrtaki, eða með hreinni langsníðsúrtakskönnun (að því tilskildu að tryggt sé að þversniðsúrtakið sé dæmigert). Slík gögn má tengja við gögn úr skrá (gögn um einstaklinga, heimili eða húsnæði sem fengin eru úr einþátta stjórnsýslu- og tölfræðiskrá),

- h) „langsníðsgögn“: gögn sem varða einstaklingsbundnar breytingar í tíma, mældar reglulega á tilteknu tímabili. Langsníðsgagna má afla annaðhvort með þversniðskönnun með skiptiúrtaki, þar sem fylgst er reglulega með völdum einstaklingum í úrtaki, eða með hreinni langsníðsúrtakskönnun. Gögnin má sameina gögnum úr skrá,
- i) „einstaklingar í úrtaki“: einstaklingar sem eru valdir í úrtak í fyrstu bylgju langsníðsúrtaks. Þeir geta verið allir þátttakendur í upphaflegu úrtaki heimila eða dæmigert úrtak einstaklinga í einstaklingsbundinni könnun,
- j) „aðalmarksvið (target primary areas)“: efnissvið sem gögnum er safnað um árlega,
- k) „aukamarksvið (target secondary areas)“: efnissvið sem gögnum er safnað um á fjögurra ára fresti eða sjaldnar,
- l) „brúttótekjur“: allar peningalegar og ópeningalegar tekjur sem heimilin hafa á tilteknu „tekjuviðmiðunartímabili“ fyrir tekjuskatt, eignafjármagnstekjuskatta, skyldugreiðslur launamanna, sjálfstætt starfandi og atvinnulausra (ef við á) til félagslegra trygginga svo og framlög vinnuveitenda til félagslegra trygginga, að teknu tilliti til tilfærslna milli heimila,
- m) „ráðstöfunartekjur“: brúttótekjur að frádregnum tekjuskatti, eigna- og fjármagnstekjuskatti, skyldugreiðslum launamanna, sjálfstætt starfandi og atvinnulausra (ef við á) til félagslegra trygginga svo og framlög vinnuveitenda til félagslegra trygginga og að teknu tilliti til tilfærslna milli heimila.

3. gr.

Gildissvið

Hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skulu ná yfir þversniðsgögn um tekjur, fátækt, félagslega útskúfun og önnur lífskjör sem og langsníðsgögn sem takmarkast við tekjur, vinnu og takmarkaðan fjölda ópeningalegra vísa um félagslega útskúfun.

4. gr.

Tímaviðmiðanir

1. Þversniðs- og langsníðsgögnum skal safnað árlega frá og með árinu 2004. Í hverju aðildarríki skal gögnum safnað á sama tíma á hverju ári eftir því sem unnt er.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Þýskalandi, Hollandi og Breska konungsríkinu heimilt að hefja árlega söfnun þversniðs- og langsníðsgagna árið 2005. Þetta er með fyrirvara um að þessi aðildarríki leggi fram samanburðarhæf gögn fyrir árið 2004 um sameiginlega þversniðsvísa Evrópusambandsins, sem ráðið hefur samþykkt fyrir 1. janúar 2003 í tengslum við opnu samræmingaraðferðina þar sem hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör eru lagðar til grundvallar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

3. Tekjuviðmiðunartímabilið skal vera 12 mánuðir. Það getur verið fast 12 mánaða tímabil (eins og næstliðið almanaks- eða skattaár) eða færanlegt 12 mánaða tímabil (eins og 12 mánuðir á undan viðtalinu) eða grundvallast á sambærilegri viðmiðun.

4. Ef notað er ákveðið tekjuviðmiðunartímabil skal könnunin fara fram á afmörkuðu tímabili sem er eins nálægt tekjuviðmiðunartímabilinu eða skattaframtalsskilafresti og mögulegt er til þess draga eins og unnt úr tímaskekkju milli tekjubreytna og núverandi breytna.

5. gr.

Einkenni gagnanna

1. Til að hægt sé að gera fjölvíddargreiningu á heimilum og einstaklingum og einkum að rannsaka mikilvæg félagsleg málefni, sem eru ný og rannsaka þarf sérstaklega, skal vera unnt að tengja saman öll gögn um heimili og einstaklinga í þversniðskönnuninni.

Á sama hátt skal vera unnt að tengja saman öll gögn um heimili og einstaklinga í langsníðskönnuninni.

Ekki er nauðsynlegt að unnt sé að tengja einstaklingsbundin langsníðsgögn við einstaklingsbundin þversniðsgögn.

Langsníðskönnunin skal vara í a.m.k. í fjögur ár.

2. Til að draga úr fyrirhöfn svarenda, auðvelda gerð tekjuáætlana og prófa gæði gagna skulu innlend yfirvöld hafa aðgang að viðeigandi stjórnsýslugögnum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 322/97.

6. gr.

Nauðsynleg gögn

1. Mælt er fyrir um aðalmarksvið og samsvarandi viðmiðunartímabil, sem þversniðs- og langsníðskannanir ná yfir, í I. viðauka.

2. Aukamarksvið skulu tekin með árlega frá og með árinu 2005, en eingöngu í þversniðskönnuninni. Þau skulu skilgreind í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr. Taka skal eitt aukasvið fyrir á hverju ári.

7. gr.

Söfnunareining

1. Viðmiðunarþýði hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal vera einkaheimili svo og heimilismenn þar sem eru búsettir á yfirráðasvæði aðildarríkisins þegar gagnasöfnunin fer fram.

2. Upplýsingarnar, sem safnað er, skulu taka til:

a) einkaheimila, þ.m.t. gögn um stærð heimilisins og samsetningu og megineinkenni varðandi heimilismenn þar og

b) einstaklinga 16 ára og eldri.

3. Mælt er fyrir um söfnunareininguna og aðferðina við að safna upplýsingum um heimili og einstaklinga í I. viðauka.

8. gr.

Reglur um úrtak og eftirfylgni

1. Þversniðs- og langsníðsgögn skulu grundvallast á líkindaúrtaki sem er dæmigert fyrir hvert land.

2. Með undantekningu frá ákvæðum 1. mgr. skal Þýskaland leggja fram þversniðsgögn á grundvelli líkindaúrtaks, sem er dæmigert fyrir landið, í fyrsta sinn fyrir árið 2008. Fyrir árið 2005 skal Þýskaland leggja fram gögn þar sem 25% byggjast á líkindaúrtaki og 75% byggjast á kvótaúrtaki, og skal slembiúrtak smám saman koma í stað hins síðarnefnda fram til ársins 2008 þegar líkindaúrtaki hefur verið náð að fullu.

Að því er varðar langsníðspáttinn skal Þýskaland leggja fram fyrir árið 2006 einn þriðja af langsníðsgögnum (gögn fyrir árin 2005 og 2006) á grundvelli líkindaúrtaks og tvo þriðju á grundvelli kvótaúrtaks. Fyrir árið 2007 skal helmingur langsníðsgagna, sem varða árin 2005, 2006 og 2007, byggjast á líkindaúrtaki og helmingur á kvótaúrtaki. Frá árinu 2007 skulu öll langsníðsgögn byggjast á líkindaúrtaki.

3. Í langsníðspættinum skal einstaklingum úr upphaflega úrtakinu, þ.e. úrtakseinstaklingum, fylgt eftir á meðan á könnun langsníðsúrtaksins stendur. Sérhverjum úrtaks-einstaklingi, sem flutt hefur á einkaheimili innan landamæra tiltekins aðildarríkis, skal fylgt eftir til nýs heimilis í samræmi við reglur og málsmeðferð við eftirfylgni, sem skulu skilgreindar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

9. gr.

Úrtaksstærð

1. Á grundvelli ýmissa tölfræðilegra og hagnýtra atriða og krafna um nákvæmni, að því er varðar mikilvægustu breyturnar, skal lágmarksstærð raunúrtaks vera eins og fram kemur í töflunni í II. viðauka.

2. Með úrtaksstærð í langsníðspætti er átt við fjölda þeirra heimila þar sem tekið hefur verið fullnægjandi viðtal fyrra árið af tveimur samfelldum árum. Viðtal telst vera fullnægjandi ef tekið hefur verið viðtal við alla eða flesta heimilismenn 16 ára og eldri bæði árin.

3. Aðildarríki, sem nota skrár yfir tekjur og önnur gögn, geta notað úrtak einstaklinga í stað úrtaks heimila í viðtalskönnuninni. Lágmarksstærð raunúrtaks að því er varðar fjölda einstaklinga 16 ára og eldri, sem nákvæmt viðtal er tekið við, skal nema 75% af tölunum í 3. og 4. dálki töflunnar í II. viðauka, fyrir þversniðspáttinn annars vegar og langsníðspáttinn hins vegar.

Safna skal upplýsingum um tekjur og önnur gögn um heimili hvers valins svaranda og um alla heimilismenn.

10. gr.

Afhending gagna

1. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna), í formi einstaklingsbundinna gagnaskráa, vegin þversniðs- og langsníðsgögn sem hafa verið yfirfarin að fullu, búin til prentunar og ætluð í tengslum við tekjur.

Aðildarríkin skulu afhenda gögnin á rafrænu formi, í samræmi við viðeigandi tæknilegt snið sem hefur verið samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

2. Að því er þversniðsþáttinn varðar skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) einstaklingsbundnar gagnaskrár fyrir könnunarár N, helst innan 11 mánaða frá lokum gagnasöfnunarinnar. Síðasti dagur til afhendingar einstaklingsbundinna gagna til Hagstofu Evrópubandalaganna skal vera 30. nóvember (N+1) fyrir aðildarríki, sem safna gögnum í lok árs N eða með samfelldri könnun eða skrám, og 1. október (N+1) fyrir önnur aðildarríki.

Aðildarríkin skulu afhenda leiðtogaráðinu vísa um félagslega samheldni á grundvelli þversniðsúrtafs fyrir árið N ásamt einstaklingsbundnu gagnaskránum, til birtingar í árlegri vorskýrslu fyrir árið (N+2).

Dagsetningarnar fyrir afhendingu gagna gilda einnig um afhendingu samburðarhæfra gagna um sameiginlega þversniðsvísa ESB fyrir þau aðildarríki sem hefja árlega gagnasöfnun eftir 2004 í samræmi við 2. mgr. 4. gr.

3. Að því er langsníðsþáttinn varðar skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) einstaklingsbundnar gagnaskrár fram að ári N, helst innan 15 mánaða frá því að könnuninni lýkur. Lögboðinn afhendingarfrestur einstaklingsbundnu gagnanna til Hagstofu Evrópubandalaganna skal vera lok mars (N+2) á hverju ári frá og með öðru ári eftir að hagskýrslugerð Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör hefst.

Fyrsta afhending langsníðsgagna er sem hér segir:

- fyrir könnunarárin 2004 og 2005, þegar um er að ræða aðildarríki sem hefja árlega gagnasöfnun árið 2004, skal afhending fara fram fyrir lok mars 2007 og
- fyrir könnunarárin 2005 og 2006, þegar um er að ræða aðildarríki sem hefja árlega gagnasöfnun árið 2008, skal afhending fara fram fyrir lok mars 2008.

Næsta afhending skal ná yfir fyrstu þrjú könnunarárin 2004-2006 (2005-2007) og skal hún fara fram fyrir lok mars 2008 annars vegar og 2009 hins vegar.

Eftir það skal á hverju ári afhenda langsníðsgögn yfir undanfarandi fjögur könnunarár (endurskoðuð frá síðustu birtingu eftir því sem við á).

11. gr.

Birting

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, að því er þversniðsþáttinn varðar, birta árlega þversniðsskýrslu á vettvangi Bandalagsins fyrir lok júní N+2, á grundvelli þeirra gagna sem safnað var á ári N.

Þau aðildarríki sem hefja árlega gagnasöfnun eftir árið 2004 í samræmi við 2. mgr. 4. gr. skulu taka sameiginlega þversniðsvísa ESB með í þversniðsskýrslunni fyrir árið 2004.

Frá og með árinu 2006 skal taka með í þversniðsskýrslum fyrirbyggjandi niðurstöður úr aðferðafræðilegum rannsóknnum sem um getur í 16. gr.

12. gr.

Aðgangur að trúnaðargögnum í hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör í vísindaskyni

1. Bandalagsyfirvaldið (Hagstofa Evrópubandalaganna) getur veitt aðgang á athafnasvæði sínu að trúnaðargögnum, eða birt nafnlaus, einstaklingsbundin gögn úr hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör, í vísindaskyni og samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 831/2002.

2. Að því er þversniðsþáttinn varðar skal birta, fyrir lok febrúar N+2, einstaklingsbundnar gagnaskrár á vettvangi Bandalagsins um gögn sem safnað er í vísindaskyni á ári N.

3. Að því er langsníðsþáttinn varðar skal birta, fyrir lok júlí N+2, einstaklingsbundnar gagnaskrár á vettvangi Bandalagsins um gögn sem safnað er í vísindaskyni fram að ári N.

Fyrsta útgáfa á einstaklingsbundnum langsníðsgagnaskráum aðildarríkjanna, sem hefja gagnasöfnun árið 2004, skal ná yfir árin 2004 og 2005 og skal hún verða í lok júlí 2007.

Önnur útgáfa í júlí 2008 skal ná yfir árin 2004 til 2006 fyrir þau aðildarríki sem hefja gagnasöfnun árið 2004 og yfir árin 2005 og 2006 fyrir þau aðildarríki sem hefja gagnasöfnun árið 2005.

Þriðja útgáfa í júlí 2009 skal ná yfir árin 2004 til 2007 fyrir þau aðildarríki sem hefja gagnasöfnun árið 2004 og árin 2005 til 2007 fyrir þau aðildarríki sem hefja gagnasöfnun árið 2005.

Eftir það skal birting í júlí í hvert sinn taka til langsníðsgagna á vettvangi Bandalagsins sem ná yfir síðustu fjögur ár sem gögn liggja fyrir um.

4. Skýrslum vísindasamfélagsins, sem grundvallast á einstaklingsbundnum þversniðsgagnaskráum um gögn sem safnað er á ári N, skal ekki dreift fyrr en í júlí N+2.

Skýrslur vísindasamfélagsins, sem grundvallast á einstaklingsbundnum langsníðsgagnaskráum með tilliti til könnunarárs N, skal ekki dreift fyrr en í júlí N+3.

*13. gr.***Fjármögnun**

1. Fyrstu fjögur ár gagnasöfnunarinnar skal Bandalagið veita hverju aðildarríki fjárstuðning til að mæta kostnaði við verkefnið.
2. Ákveða ber árlegar fjárveitingar vegna fjárframlagsins, sem um getur í 1. mgr., sem lið í árlegri fjárlagagerð.
3. Fjárveitingavalðið ákvarðar fjárveitinguna fyrir hvert ár.

*14. gr.***Nefnd**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndar sem komið var á fót með ákvörðun 89/382 (EBE, KBE).
 2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
- Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.
3. Nefndin setur sér starfsreglur.

*15. gr.***Framkvæmdarráðstafanir**

1. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð, þ.m.t. ráðstafanir þar sem tillit er tekið til efnahagslegra og tæknilegra breytinga, a.m.k. 12 mánuðum fyrir upphaf könnunarársins og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr.
2. Slíkar ráðstafanir skulu varða:
 - a) skilgreiningu á skránni yfir aðalmarkbreytur sem teknar eru með á hverju sviði fyrir þversniðspáttinn og á skránni yfir markbreytur sem teknar eru með í langsníðspáttinn, þ.m.t. lýsing á kóðum breytanna og tæknilegt snið á sendingunni til Hagstofu Evrópubandalaganna,
 - b) ítarlega tíundað efni gæðaskýrslanna, bæði bráðabirgðaskýrslur og fullunnar skýrslur,
 - c) skilgreiningar og uppfærslu skilgreininga, einkum notkun skilgreininga á tekjum í l- og m-lið 2. gr. (þ.m.t. tímaáætlunin um hvenær skuli bæta við mismunandi þáttum),
 - d) það sem lýtur að úrtöku þ.m.t. reglur um eftirfylgni,
 - e) það sem lýtur að framkvæmd og útreikningum,
 - f) skrána yfir aukamarksvið og -breytur.

3. Þó tengjast ráðstafanirnar, þ.m.t. þær þar sem tillit er tekið til efnahagslegra og tæknilegra breytinga, sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar við gagnasöfnun fyrir árið 2004, einungis a- til e-lið 2. mgr. og skal gera þær a.m.k. sex mánuðum fyrir upphaf könnunarársins.

4. Í öllum aðildarríkjum skal heildartími viðtalsins vegna aðalmarkbreytna og aukamarkbreytna í þversniðspáttinum, þ.m.t. heimilis- og einstaklingaviðtöl, ekki vera lengri en ein klukkustund að meðaltali.

*16. gr.***Skýrslur og rannsóknir**

1. Aðildarríkin skulu leggja fram bráðabirgðagæðaskýrslu, fyrir lok árs N+1, um sameiginlega þversniðsvísa ESB á grundvelli þversniðspáttarins fyrir árið N.

Aðildarríkin skulu leggja fram fullunnar gæðaskýrslur, í lok árs N+2, sem ná bæði yfir þversniðspáttinn og langsníðspáttinn könnunarárið N, með áherslu á innri nákvæmni. Skýrslurnar fyrir árið 2004 (fyrir aðildarríkin sem hefja gagnasöfnun árið 2004) og árið 2005 (fyrir aðildarríkin sem hefja gagnasöfnun árið 2005) skulu þó einungis ná yfir þversniðspáttinn.

Smávægileg frávik frá sameiginlegum skilgreiningum, t.d. að því er varðar skilgreiningu á einkaheimili og tekjuviðmiðunartímabili, eru leyfileg að því tilskildu að þau hafi einungis takmörkuð áhrif á samanburðarhæfi. Áhrifin á samanburðarhæfi skulu koma fram í gæðaskýrslunum.

2. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal leggja fram bráðabirgðagæðaskýrslu til samanburðar, fyrir lok júní N+2, um sameiginlega þversniðsvísa ESB fyrir árið N.

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal leggja fram fullunna gæðaskýrslu til samanburðar fyrir 30. júní N+3 sem nær bæði yfir þversniðspáttinn og langsníðspáttinn könnunarárið N. Skýrslurnar fyrir árið 2004 (fyrir aðildarríkin sem hefja gagnasöfnun árið 2004) og árið 2005 (fyrir aðildarríkin sem hefja gagnasöfnun árið 2005) skulu þó einungis ná yfir þversniðspáttinn.

3. Eigi síðar en 31. desember 2007 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um þau verkefni sem unnin eru samkvæmt þessari reglugerð.

4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal frá árinu 2004 skipuleggja aðferðafræðilegar rannsóknir í þeim tilgangi að meta áhrif á samanburðarhæfi þeirra innlendu gagnaheimilda, sem notaðar eru, og skilgreina bestu starfsvenjur sem ber að fylgja. Niðurstöður þessara rannsókna skulu koma fram í skýrslunni sem um getur í 3. mgr.

17. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 16. júní 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. PAPANDREOU

forseti.

Laga haus þannig að hann standi efst á síðu en liggja ekki í. VIDAUKI

ADALSVIÐ SEM ÞVERSNIDSÞÁTTURINN NÆR YFIR OG SVIÐ SEM LANGSNIDSÞÁTTURINN NÆR YFIR

1. Upplýsingar um heimili

Eining (Einstaklingar eða heimili)	Söfnunaraðferð	Sviði	Svið	Viðmiðunartímabil	Þversniðssvið (X) og/eða langsníðssvið (L)
Heimili	Upplýsingar sem er safnað frá heimilismönnum 16 ára og eldri eða eru fengnar úr skrá	Grunngögn	Grunngögn um heimili, þ.m.t. tegund þéttbýlis	Núverandi	X, L
		Tekjur	Heildartekjur heimilis (vergar tekjur ⁽¹⁾ og ráðstöfunartekjur)	Tekjuviðmiðunartímabil	X, L
			Vergir tekjuþættir heimilis	Tekjuviðmiðunartímabil	X, L
		Félagsleg útskýfun	Veðskuldir tengdar húsnæði eða öðru	Síðastliðnir 12 mánuðir	X, L
			Ópeningalegir vísar um skort hjá heimilum, þ.m.t. erfiðleikar við að ná endum saman, umfang skulda og skortur á brýnustu nauðsynjum	Núverandi	X, L
			Efnislegt og félagslegt umhverfi	Núverandi	X
		Upplýsingar um atvinnu	Barnagæsla	Núverandi	X
		Húsnæði	Tegund húsnæðis, umráð og ástand húsnæðis	Núverandi	X, L
			Hreinlætisaðstaða í húsnæði	Núverandi	X
Húsnæðiskostnaður	Núverandi		X		

⁽¹⁾ Þættir vergra tekna skulu ná yfir vergar launatekjur og vergar tekjur (bæði peningalegar og ópeningalegar) sjálfstætt starfandi einstaklinga, verg framlög vinnuveitenda vegna félagslegra trygginga, áætlaða leigu, eignatekjur, móttækna vergar rekstrartilfærslur, aðrar vergar tekjur og vaxtagreiðslur. Valfrjálst skal vera hvort ópeningalegir þættir launatekna (þó ekki bifreiðar fyrirtækis sem skal reikna frá og með fyrsta könnunarári) og tekna sjálfstætt starfandi einstaklinga, áætluð leiga og vaxtagreiðslur sé tekið með á fyrsta könnunarári en slíkt er skyldubundið frá og með árinu 2007. Verg framlög vinnuveitenda til félagslegra trygginga skulu einungis tekin með frá og með árinu 2007 ef niðurstöður hagkvæmnisathugunar eru jákvæðar. Nauðsynlegum breytum til útreiknings á áætlaðri leigu skal safna frá og með fyrsta söfnunarári fyrir sérhvert aðildarríkjanna (2004 eða 2005).

2. Persónulegar upplýsingar

Eining (Einstaklingar eða heimili)	Söfnunaraðferð	Efni	Svið	Viðmiðunartímabil	Þversniðssvið (X) og/eða langsniðssvið (L)	
Allir einstaklingar yngri en 16 ára	Persónulegar upplýsingar sem er safnað frá heimilismönnum 16 ára og eldri eða eru fengnar úr skrá	Grunngögn	Lýðfræðileg gögn	Núverandi	X, L	
Fyrirverandi heimilismenn			Lýðfræðileg gögn	Tekjuviðmiðunartímabil	L	
Allir einstaklingar 16 ára eða eldri á heimilinu	Persónulegar upplýsingar sem er safnað frá heimilismönnum 16 ára og eldri (frá þeim sem fer með umboð fyrir þá sem eru fjarverandi tímabundið eða vanhæfir) eða eru fengnar úr skrá	Tekjur	Brúttótekjur einstaklings, í heild og skipt eftir einstaklingsbundnum þáttum	Tekjuviðmiðunartímabil	X, L	
						Helst með persónulegu viðtali ef viðtal við umboðsmann er viðurkennt sem viðtekin málsmeðferð eða er fengið úr skrá
			Lýðfræðileg gögn	Núverandi	X, L	
		Menntun	Menntun, þ.m.t. hæsta ISCED-stig sem var náð	Núverandi	X, L	
		Upplýsingar um atvinnu	Grunnupplýsingar um núverandi atvinnustöðu og aðalstarf, þ.m.t. upplýsingar um síðasta aðalstarf atvinnulausra	Núverandi	X, L	
			Grunnupplýsingar um atvinnustöðu á tekjuviðmiðunartímabili	Tekjuviðmiðunartímabil	X	
			Heildarfjöldi vinnustunda í núverandi öðru eða þriðja starfi	Núverandi	X	
A.m.k. einn heimilismaður 16 ára eða eldri (valinn svarandi)	Persónulegar upplýsingar sem er safnað frá einstaklingum (umboðsmanni í undantekningartilvikum) eða eru fengnar úr skrá	Heilsa	Heilsa, þ.m.t. heilbrigðisástand og langvinn veikindi eða ástand	Núverandi	X, L	
			Aðgangur að heilsugæslu	Síðastliðnir 12 mánuðir	X	
		Upplýsingar um atvinnu	Nákvæmar upplýsingar um atvinnu	Núverandi	X, L	
			Fyrri störf	Starfsævi	L	
			Yfirlit yfir störf	Tekjuviðmiðunartímabil	L	

II. VIÐAUKI

Lágmarksstærð raunúrtaks

	Heimili		Einstaklingar 16 ára og eldri sem viðtal er tekið við	
	Þversniðspáttur	Langsniðspáttur	Þversniðspáttur	Langsniðspáttur
	1	2	3	4
Aðildarríki ESB				
Belgía	4 750	3 500	8 750	6 500
Danmörk	4 250	3 250	7 250	5 500
Þýskaland	8 250	6 000	14 500	10 500
Grikkland	4 750	3 500	10 000	7 250
Spánn	6 500	5 000	16 000	12 250
Frakkland	7 250	5 500	13 500	10 250
Írland	3 750	2 750	8 000	6 000
Ítalía	7 250	5 500	15 500	11 750
Lúxemborg	3 250	2 500	6 500	5 000
Holland	5 000	3 750	8 750	6 500
Austurríki	4 500	3 250	8 750	6 250
Portúgal	4 500	3 250	10 500	7 500
Finnland	4 500	3 000	6 750	5 000
Svíþjóð	4 500	3 500	7 500	5 750
Breska konungsríkið	7 500	5 750	13 750	10 500
Heildarfjöldi í aðildarríkjum ESB	80 000	60 000	156 000	116 500
Ísland	2 250	1 700	3 750	2 800
Noregur	3 750	2 750	6 250	4 650
Heildarfjöldi, þ.m.t. Ísland og Noregur	86 000	64 450	166 000	123 950

Ath.: Vísad er til stærðar raunúrtaks, sem er nauðsynleg stærð ef könnunin byggist á einföldu slembiúrtaki (sniðáhrif í tengslum við breytuna „hætta á fátækt“ = 1,0). Raunúrtakið þarf að vera stærra til að sniðáhrifin fari yfir 1,0 og til að bæta upp hvers konar brottfall. Enn fremur vísar úrtaksstærðin til fjölda gildra heimila þar sem allra eða næstum allra nauðsynlegra upplýsinga var aflað um heimilið eða alla heimilismenn.